

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 19. september 2023
UST202308-104/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - frístundabyggð Vesturbotn - Vesturbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 14. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Vesturbotni.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær til alls 24 lóða þar sem flestar eru um 1,5-2,0 ha að stærð. Lóðunum er skipt í þrjú megin hverfi sem eru aðskilin með ám og lækjum. Leyfilegt er að byggja hús allt að 100 m², auk þess er leyfilegt að byggja geymslu eða lítið gestahús allt að 20 m².

Gert verður ráð fyrir landgræðslu- og skógræktarsvæðum utan skipulagðra lóða á vegum Skjólskóga á Vestfjörðum. Búið verður í haginn fyrir almenna útivist með merkingu gönguleiða.

Auk þess kemur fram að þegar hefur verið byggður 9 holu golfvöllur á um 15 ha. svæði og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi Vesturbyggðar að tekið verði frá svæði vestan við Botnsá með það í huga að völlurinn geti stækkað upp í 18 holu golfvöll.

Birkikjarr - Birkiskógur

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkikjarrlendi. Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.¹

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar er einnig birkiskógur austast á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að sérstæðir birkiskógar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

¹ <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>

orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Auk þess vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt, að plantað sé fjölbreyttum trjátegundum, en með gróðursetningu á fjölbreyttum trjátegundum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.

Náttúruminjar og náttúruvernd

Um náttúruvernd segir í greinargerð: „Sveitastjórn hefur hug á að skilgreina þann hluta jarðarinnar sem ekki er ætlaður fyrir golfvöll og frístundabyggð sem fólkvang með það í huga að friðlýsa svæðið skv. náttúruverndarlögum. Í tillögu að aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð er það skilgreint sem hverfisverndarsvæði vegna fjölbreytts landslags og áhugaverðs útivistarsvæðis.“ Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda stefnu sveitarstjórnar og telur afar áhugavert að unnið verði að stofnun ofangreinds fólkvangs sem mun stuðla að útivist almennings á svæðinu.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að kröfur um hreinsun fráveituvatns sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er hreinsivirki sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólþi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur